

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Einstefnuakstur verði til vesturs frá Eskihvammum um Reynihvamm, Birkihvamm og Víðihvamm. Umferð úr þessum götum viki fyrir umferð um Lindarhvamm samkvæmt ákvæðum 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
2. Einstefnuakstur verði til vesturs í húsagötu Álfhólsvegur (norðan götunnar) milli Meltraðar og Vallartraðar.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Álfhólsvegi að norðan verðu við götuna á svæðinu milli Meltraðar og Vallartraðar.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vogatungu að vestanverðu.
5. Bannað er að aka ökutækjum úr Álfabrekku inn á Nýbýlaveg til vesturs (vinstri beygja bönnuð).
6. Á öllum einstefnuakstursgötum eru bifreiðastöður bannaðar við hægri brún götu en leyfðar við vinstri brún götu. Undantekning frá þessari reglu er húsagata Álfhólsvegur (2. tölul.), þar sem bifreiðastöður skulu bannaðar við vinstri brún húsagötunnar en leyfðar við hægri brún hennar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 4. ágúst 1977.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og eftir að leitað hefur verið umsagnar bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með gerðar eftirgreindar breytingar á auglýsingu um umferð í Kópavogi nr. 82 frá 27. febrúar 1976:

1. Annar töluliður B liðar ofangreindrar auglýsingar nr. 82 27. febrúar 1976 skal hljóða svo: Umferð um Hamraborg skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Skeljabrekku og einnig gagnvart umferð um tengiveg vestan Hafnarfjarðarvegur og tengivegi (rampa) af honum til austurs og vesturs á Hamraborg í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
2. Í samræmi við ofangreind ákvæði 1. töluliðar auglýsingar þessarar falla niður ákvæði 3. töluliðar B. liðar auglýsingar nr. 82 frá 27. febrúar 1976.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. ágúst 1977.

Sigurgeir Jónsson.